



10. október 2022

Tilv.: 2209103

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2023

Með tölvupósti dags. 19. september sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjárheimildir fyrir útgjöld ríkissjóðs árið 2023 og tekjur ársins áætlaðar. Seðlabankinn horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála þar sem aðhaldsstigið hefur áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu og þar með á verðbólguhorfur. Í þessu tilliti horfir Seðlabankinn helst til þess hvernig frumjöfnuður ríkissjóðs breytist á milli ára að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Seðlabanki Íslands tekur ekki beina afstöðu til einstakra tekju- eða útgjaldaliða þessa frumvarps enda þar um að ræða stefnumarkandi ákvörðun ríkisfjármála. Í frumvarpinu kemur fram að halli á frumjöfnuði ríkissjóðs í ár verði minni sem hlutfall af landsframleiðslu en áætlað var í Fjármálaáætlun 2023-2027 sem lögð var fram sl. vor og munar þar um 0,7 prósentum. Skýrist það að miklu leyti af þróun innlendra efnahagsumsvifa en kröftugur hagvöxtur og skilar ríkissjóði miklum tekjuauka ásamt því að létta á útgjaldaþrýstingi. Brottfall tímabundinna aðgerða vegna farsóttarinnar skýra umtalsverðan hluta afkomubata ársins í ár og svo verður að nokkur leyti áfram á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu dregur áfram úr frumhalla ríkissjóðs á næsta ári þrátt fyrir að áætlað sé að framleiðsluspenna minnki. Fyrir vikið felur frumvarpið í sér aukið aðhald ríkisfjármála. Í ljósi nýlegrar þróunar verðbólgu telur Seðlabankinn brýnt að ekki verði vikið frá því að aðhaldi í ríkisfjármálum verði beitt á næstu misserum. Með því geta ríkisfjármálin lagst á sveif með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólgu og dregið úr þörf vaxtahækkunar.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

